



Alþingi  
Erindi nr. P 127/333  
komudagur 4.12.2001

3. desember 2001

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um lögbann og dómsmál  
til að vernda heildarhagsmuni neytenda, 150. mál, EES-reglur.

Í bréfi dags. 9. nóvember 2001 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, 150 mál, EES-reglur.

Greint frumvarp er flutt til þess að innleiða í íslensk lög ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/27/EB frá 19. maí 1998 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið hefur verið leitað álits réttarfarsnefndar á því hvort efni sé til að breyta íslenskum lögum vegna greindrar tilskipunar Evrópusambandsins og telur hún að ástæða sé til að setja sérstök lög til að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar séu með umræddri tilskipun. Seðlabanki Íslands telur ástæðu til þess að greint frumvarp verði að lögum.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Birgir Ísl. Gunnarsson  
formaður bankastjórnar

Finnur Ingólfsson  
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605